

# SFS

## FJÁRHAGSKERFI FYRIR SVEITARFÉLÖG

SFS er hannað með þarfir sveitarfélaga að leiðarljósi og hefur verið í notkun hjá um helmingi sveitarfélaga á landinu um margra ára skeið. Í kerfinu eru margar einingar sem sveitarfélög velja eftir þörfum.

### FJÁRHAGUR

Fjárhagur er grunneiningin í kerfinu. Þar er hægt að skrá inn færslur á mjög einfaldan hátt í töfluskráningu, svipað og verið væri að slá inn í töflureikni. Í þessari kerfiseiningu eru allar grunntöflur kerfisins, s.s. deildir, tegundir, fyrirtæki (A-, B- og C-hluta), vsk. númer o.s.frv.

### LÁNADROTTNAR

Í Lánadrottnum eru reikningar sem berast skráðir við móttöku. Við móttöku er skilgreint hver á að samþykkja reikning og samþykktin er skráð inn í þessari kerfiseiningu. Þegar búið er að samþykkja reikning er hægt að bóka hann og greiða. Bókun og greiðsla eru tvö aðskilin ferli þannig að gjaldkeri getur greitt reikninginn hvort sem hann er bókaður eða ekki og bókar getur bókað reikninginn óháð því hvort hann hefur verið greiddur eða ekki.

### REIKNINGAR

Í Reikningum eru búnir til reikningar vegna sölu, ýmist stakir reikningar sem skráðir eru hver fyrir sig eða reglubundnir reikningar sem keyrðir eru mánaðarlega, ársfjórðungslega, árlega o.s.frv. Reikningar sem eru innheimtir reglulega, s.s. húsaleiga, eru skráðir í þjónustuskra og er því lágmarksinnsláttur vegna þeirra, aðeins þarf að setja inn breytingar ef einhverjar eru. Við uppfærslu á reikningum verða til skrár til að stofna kröfurnar í banka rafrænt, síðan er lesið svar bankans til baka sem segir til um hvort prenta eigi út greiðsluseðla eða ekki. Einnig er hægt að senda skrár til kortafyrirtækja.

### FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignagjöld eru lesin úr Álagningarkerfi Þjóðskrár Íslands í gegnum vefþjónustu og innheimtan er í gegnum SFS. Hægt er að prenta út greiðsluseðlana úr SFS eða senda sem rafræna greiðsluseðla í birtingarkerfi RB í gegnum Landsbanka Íslands. Allar breytingar og nýjar eignir koma inn í gegnum vefþjónusturnar í SFS og hafa áhrif á ósenda greiðsluseðla.

### GJALDKERI

Í Gjaldkera eru lesnar inn greiðslur á útsendum reikningum beint úr banka og einnig eru bókaðar þar greiðslur á reikningum frá lánadrottnum. Einnig eru teknar inn greiðslur frá innheimtufyrirtækjum.

### VERKBÓKHALD

Verkbókhald er til skráningar á unnum tímum, t.d. í áhaldahúsi. Búnar eru til innri færslur sem bóka þá strax kostnað og tekjur á viðeigandi deildir eða reikningar til útsendingar eftir því sem við á.

### HÖFN

Höfn er sérstök kerfiseining sem heldur utan um allar skráningar sem viðkoma höfnum, þ.e. selt rafmagn, vatn, hafnargjöld og annað sem þarf að innheimta hjá útgerðum. Allir reikningar eru bókaðir á viðskiptamann, virðisaukaskattur færður eins og við á, reikningar og greiðsluseðlar verða til, hægt að stofna kröfur rafrænt í banka og lesa inn greiðsluskra til baka.

### VEITA

Veita er kerfiseining sem er notuð til að innheimta orkureikninga, sérstaklega hitaveitureikninga þar sem notaðir eru mælur.

### EIGNASKRÁNING

Eignaskráningarkerfi er í SFS til að skrá eignir sveitarfélagsins. Hægt er að tengja saman fjárhagsbókhaldið og eignaskráninguna þannig að þegar skráð er í fjárhag kaup á eign verði til færsla í eignaskráningarkerfinu.

### LÁNAKERFI

Lánakerfið heldur utan um öll lán sveitarfélagsins, hvort sem það eru veitt lán eða tekin lán, í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum, reiknar þau upp m.v. gefnar forsendur og færir í bókhald. Hægt er að taka út margar skýrslur úr kerfinu, t.d. skýrslu sem sýnir stöðu lána á tilteknum degi.

### ÁÆTLANIR

Áætlanir eru í sérstakri einingu þar sem sett er inn áætlun ársins, gerðar breytingar á henni og hún svo notuð sem grunnur að næstu ársáætlun. Hægt er að láta kerfið framreikna áætlunina um ákveðna prósentu fyrir hvern tegundaflokk (laun, vörukaup, þjónustukaup o.s.frv.) og setja síðan inn sínar eigin tölur eftir hentugleika.

### GREININGAR

Greiningarteningur: Í SFS eru fjórar greiningarfyrirspurnir, svokallaðir teningar. Þeir veita sérstaka sýn á færslurnar í kerfinu, hver fyrir sig.